

degi til greiðsludags og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 14. desember 1976.

Nr. 85/1975. **Sigurður M. Helgason skiptaráðandi f. h. dánarbús Guðmundar J. Magnússonar**  
(Sveinn Snorrason hrl.)

gegn

**Hreiðari Svavarssyni**

(Kristján Eiríksson hrl.)

og til réttargæslu **Unnsteini Beck skiptaráðanda f. h. dánarbús Margeirs J. Magnússonar.**

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Synjað innsetningargerðar. Valdmörk fógeta- og skiptaréttar.

#### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1975. Hann krefst aðallega frávísunar málsins frá fógetarétti, en til vara, að synjað verði innsetningarkröfu stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við flutning máls þessa hér fyrir dómi lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir deildu nú um 2 sparisjóðsbækur og 2 víxla, sem þeir tilgreindu nánar. Skjöl þessi eru í vörslum Unnsteins Beck skiptaráðanda vegna dánarbús Margeirs J. Magnússonar.

ússonar, sem hann hefur til opinberra skipta. Eins og komið er, ber því að beina kröfum um afhendingu skjalanna til skiptaráðandans og fá um þær úrskurð í skiptarétti Reykjavíkur, sbr. 33. og 35. gr. laga nr. 3/1878. Þegar af þessari ástæðu verður að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar og fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að fógeta bar að kveða skýrt á um það í úrskurði sínum, hvort hin umbeðna innsetningargerð skyldi fara fram eða ekki.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framangreinda innsetningu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. júní 1975.

Gerðarbeiðandi, Hreiðar Svavarsson, Laugarnesvegi 106, hefur gert þessar réttarkröfur: að hann verði með fógetergerð settur inn í umráð tveggja sparisjóðsbóka og átta víxla, sem nú eru í fórum skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar, og að skiptaráðanda f. h. búsins verði gert að greiða málskostnað og að hrundið verði réttarkröfum skiptaráðanda í dánarbúi Guðmundar J. Magnússonar og honum f. h. búsins verði gert að greiða málskostnað.

Af hálfu skiptaráðanda í dánarbúi Guðmundar J. Magnússonar er þess krafist, að synjað verði um hina umbeðnu innsetningargerð og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða málskostnað.

Af hálfu skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar er sú krafa gerð, að málarekstur þessi verði dánarbúinu að kostnaðarlausu.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór þann 12. þessa mánaðar.

Með bréfi, dagsettu 5. maí 1970, fór gerðarbeiðandi, Hreiðar Svavarsson, þess á leit, að tvær sparisjóðsbækur og átta víxlar yrðu fengin sér með innsetningargerð, en hann kvað Margeir Jón

Magnússon, Miðstræti 3 A, halda þessum skjölum fyrir sér. Gerð-  
arbeiðandi lagði fram eftirtalin skjöl, sem kröfur hans byggðust á:

Rskj. 2: „Í dag hefir undirr. mótttekið sparisjóðsbók nr. 48094  
útg. af Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, með kr. 696.380.00 til  
geymslu af hr. Guðm. J. Magnússyni, Gautlandi 19, Reykjavík.

Þá hefir undirr. einnig mótttekið af sama til innheimtu víxil  
með tr.br. að fjárhæð kr. 48.000.00. Samþ. Jón Oddsson, Stekkjar-  
flöt 13, Garðahr. R. 12-8-69 Margeir J. Magnússon“.

Á bakhlið: „Hinsvegar greinda inneign kr. 696.380.00 sam-  
kvæmt bók nr. 48904 framsel ég hér með til Hreiðars Svavars-  
sonar, Laugarnesveg 106, R, jafnframt hinsvegar greinda inn-  
heimtu kr. 48.000.00. Reykjavík í des. '69. Guðm. J. Magnússon“.

Rskj. 3: „Í dag hefur undirr. mótttekið til geymslu af hr. Guðm.  
J. Magnússyni, Grenimel 22, Reykjavík, víxil að fjárhæð kr.  
63.000.00. Samþ. Helgi Magnús Jónsson, Garðastr. 9, Reykjavík.  
Vixillinn er tryggður með 6. veðr. í Dunhaga 23, Reykjavík, eign-  
arhl. Helga Magnússonar. Vextir af víxlinum eru greiddir til 19.  
júlí 1968. R. 20. 8. 68. Margeir J. Magnússon“.

Á bakhlið: „Hinsvegar greindan víxil hefi ég í dag framselt  
Hreiðari Svavarssyni, Kvisthaga 27, R. 2. 10. 68. Guðm. J. Magnú-  
ússon“.

Rskj. 4: „Og víxil að fjárhæð kr. 113.300. Samþ. Edda Andrésd.,  
Skipas. 26, Rvík. Vixillinn er tryggður með 5. veðr. í Skipasundi  
26, Reykjavík, skv. tr.br. útg. 4. 7. 67. R. 22. 10. 68. Margeir J.  
Magnússon“.

Á bakhlið: „Hinsvegar greinda fjárhæð samkvæmt víxlinum  
framsel ég hér með til Hreiðars Svavarssonar, Kvisthaga 27,  
Reykjavík, 15. 11. 68. Guðm. J. Magnússon“.

Rskj. 5: „Í dag hefir undirr. mótttekið til geymslu af hr. Guð-  
mundi J. Magnússyn, Gautlandi 19.

1. Vixill að fjárhæð kr. . . . .	25.000.00
Samþ. Jónas Guðm., Löngubrekku 5, Kópavogsk.	
Vextir af víxlinum eru gr. til 27. nóv. 1967.	
2. Vixill að fjárhæð kr. . . . .	100.000.00
Samþ. Vilhjálmur Sv. Jóh., Hörpug. 14, Rvík.	
3. og sparisjóðsbók nr. 10061 útg. af Sparisj. Alþýðu með kr. . . . .	100.000.00

Reykjavík 11. 2. 70.

Margeir J. Magnússon“.

A bakhlið: „Hinsvegjar greinda tvo víxla og sparisjóðsbók nr. 10061 framsel ég til Hreiðars Svavarssonar, Laugarnesvegi 106, R. 11. 2. 70. Guðm. J. Magnússon“.

Rskj. 7: „Ég undirritaður framsel hér með Hreiðari Svavarsyni eftirtalda víxla, sem tryggðir eru með veði í Dunhaga:

I Víxill .. . . . .	kr. 30.000.00
II Víxill .. . . . .	kr. 30.000.00
III Víxill .. . . . .	kr. 50.000.00

Víxlar þessir eru í geymslu hjá Margeiri J. Magnússyni, Miðstræti 3 A, allir víxlar eru samþykktir Helga M. Jónssyni.

Reykjavík.

Guðm. J. Magnússon“.

Þann 12. mars 1970 ritar gerðarbeiðandi Margeiri J. Magnússyni, sendir honum ljósrit af ofanefndum skjölum og krefst þess að fá þar greinda víxla og sparisjóðsbækur í hendur.

Innsetningarbeiðni er rituð þann 5. maí 1970, og var fógetamálið tekið fyrir þann 13. sama mán. Í greinargerð gerðarbeiðanda var svo frá skýrt, að hann hefði oft átt tal við Margeir um mál-efni þetta og Margeir aldrei borið á móti því, að sér væri skylt að afhenda þessi verðbréf, en sakadómur hefði brotið upp hirslur sínar og látið greipar sópa og þar væru komin verðbréfin.

Í greinargerð sinni sem gerðarþola innsetningarmálsins kvað Margeir sér óviðkomandi samningur þeirra gerðarbeiðanda og Guðmundar J. Magnússonar varðandi geymslu bréfa þeirra, er málið fjallaði um. Kvaðst hann fús að afhenda þau til Guðmundar J. Magnússonar.

Margnefndur Guðmundur J. Magnússon, Gautlandi 19, gerðist meðalgönguaðili í mál þetta, og kom greinargerð hans fram þann 6. júlí 1970. Krafðist hann þess aðallega, að synjað yrði um gerðina, en til vara, að innsetningarmálinu yrði frestað, uns lokið yrði sakadómsrannsókn, sem hann hefði stofnað til á hendur gerðarbeiðanda. Lagði hann fram afrit af kærubréfi, dags. 30. júní 1970. Heldur meðalgönguaðilinn því fast fram í þessum skjölum, að hann og enginn annar sé eigandi verðbréfa þeirra, sem gerðarbeiðandi krafðist umráða yfir.

Með úrskurði fógeta, uppkveðnum 12. ágúst 1970, var varakrafa meðalgönguaðilja um frestun fógetamálsins tekin til greina. Nokkur endurrit af sakadómsrannsókn þeirri, sem á eftir fór,

hafa verið lögð fram í fógetamáli þessu, en ekki verður séð, að þau hafi neina þýðingu til eða frá fyrir úrslit þess.

Margeir J. Magnússon andaðist í júní 1973, og er bú hans undir opinberum skiptum hér við embættið. Skiptaráðandi er Unnsteinn Beck borgarfógeti. Þá andaðist Guðmundur J. Magnússon þann 6. júlí 1973, og er dánarbú hans einnig undir opinberum skiptum, en skiptaráðandi er Sigurður M. Helgason borgarfógeti.

Jón A. Ólafsson sakadómari ritar skiptaráðanda Unnsteini Beck bréf þann 16. apríl 1974 og skýrir svo frá, að saksóknari hafi ritað sakadómi þann 5. apríl og komi þar fram, að ekki sé af ákærvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða í sambandi við kæru þá, sem rannsókn hófst út af. Enn fremur sé svo frá greint í bréfi saksóknara, að þar eð dánarbú Margeirs J. Magnússonar og Guðmundar J. Magnússonar séu nú til skiptameðferðar, þyki rétt, að skjöl og önnur fjárverðmæti, sem frá þeim stafi, verði afhent skiptarétti Reykjavíkur eða í samráði við skiptaréttinn. Um leið sendi sakadómari nefndum skiptaráðanda í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar allmörg verðbréf, sem sakadómur hafði endur fyrir löngu tekið í sín umráð og drepíð er á hér að framan.

Skiptafundur var haldinn í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar þann 7. janúar 1975, sbr. endurrit á rskj. 18. Var þar ákveðið, að ekki væru efni til að helga dánarbúinu þau verðmæti, sem skiptaráðanda var skilað úr sakadómi.

Nú er mál þetta er þannig loks aftur til meðferðar í fógetarétti, er krafa gerðarbeiðanda byggð sem áður á yfirlýsingum Guðmundar J. Magnússonar um framsöl hans á ljóslega tilgreindum verðmætum til hans. Sakadómsrannsókn hafi alls ekkert í ljós leitt, sem sé lagað til að hnekkja framsölunum.

Umboðsmaður dánarbús Guðmundar J. Magnússonar byggir kröfur sínar á því, að Guðmundur hafi talið framsöl þessi einskisnýtt, þar eð hann hafi verið beittur svikum og blekkingum í því efni. Komi þar mjög til greina 7. gr. laga 58/1960. Hér af leiði, að heimild gerðarbeiðanda sé langt í frá svo ljós, að fógetaréttur megi um hana fjalla, og ætti að reka deilumál þetta fyrir hinum almenna dómstóli í héraði eða fyrir skiptarétti. Enn sé á það að líta, að enda þótt opinbert mál á hendur gerðarbeiðanda félli niður vegna ákvörðunar saksóknara, sem að framan er lýst, muni það þó hafa verið forsenda saksóknara fyrir þeirri niðurfellingu, að verðmæti þau, er gerðarbeiðandi hafi viljað véla frá Guðmundi, rygnu til dánarbús hans, sbr. orð bréfs saksóknara: „Dánarbú þeirra Margeirs Jóns og Guðmundar Jóns munu vera til skipta-

meðferðar við skiptarétt Reykjavíkur, og þykir því rétt, að skjöl og önnur fjárverðmæti, sem frá þeim stafa, verði afhent skiptarétti Reykjavíkur eða í samráði við skiptaréttinn“. Á þessi rök hafi sakadómur fallist, og með bréfi sakadóms þann 16. apríl 1974 hafi hann afhent verðmæti þau, er þetta mál varðar, til skiptaréttarins vegna dánarbús Guðmundar J. Magnússonar. Sé kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu þannig beint gegn röngum aðilja, því saksóknari og sakadómur hafi lagt svo fyrir, að verðmæti þau, er í málinu greinir, séu í vörslum skiptaréttarins vegna dánarbús Guðmundar, en ekki vegna dánarbús Margeirs.

Nú kemur til athugunar, að skiptaráðandi í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar hefur lýst því yfir, sbr. og ályktun skiptafundar, að dánarbúið vilji ekki helga sér þau verðmæti, sem hér er um deilt, og mótmæli því ekki efnislega, að innsetning fari fram, en afhending hafi ekki farið fram vegna deilu um réttan viðtakanda. Ber að skilja þetta á þann veg, að fari svo, að fógetarétturinn hafni réttarkröfum dánarbús Guðmundar J. Magnússonar, muni skiptaráðandi afhenda gerðarbeiðanda þau umkröfðu skjöl, sem eru í fórum búsins. Gerist því ekki þörf að kveða á um framgang innsetningar gagnvart dánarbúi Margeirs J. Magnússonar, en liggur þá fyrir að athuga þá kröfu dánarbús Guðmundar J. Magnússonar, að synjað verði um hina umbeðnu gerð. Er þá á það að líta, að skiptaráðandi í dánarbúi Margeirs J. Magnússonar hefur umráð þeirra verðmæta, sem sakadómur sendi frá sér, er lauk margnefndri sakadómsrannsókn.

Það heyrir engan veginn undir fógeta að taka afstöðu til þess í þessu máli, hvor skiptaráðanda hefði með réttu átt að fá þessi umráð. Er fjarstæða að bera fram, að vafi eða ágreiningur um þetta atriði eigi að valda einhverju um úrslit þessa fógetamáls. Þá er á það að líta, að því hefur aldrei verið mótmælt, að Guðmundur J. Magnússon hafi undirritað framsölin til gerðarbeiðanda, og telja verður, að ekkert það hafi komið fram í máli þessu, sem eigi að orka því, að þessi framsöl eigi að vera ógild og óskuldbindandi.

Þykir því verða að taka til greina þá kröfu gerðarbeiðanda gagnvart skiptaráðanda í dánarbúi Guðmundar J. Magnússonar, að réttarkröfum þessa dánarbús verði hrundið. Þá þykir rétt eftir atvikum, að dánarbúið greiði gerðarbeiðanda málskostnað, og þykir hann hæfilega tiltekinn kr. 25.000. En að því er viðkemur dánarbúi Margeirs J. Magnússonar á málskostnaður að falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Réttarkröfum skiptaráðanda í dánarbúi Guðmundar J. Magnússonar er hrundið.

Skiptaráðandi í dánarbúi Guðmundar J. Magnússonar greiði f. h. búsinns gerðarbeiðanda, Hreiðari Svavarssyni, kr. 25.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður að því er viðkemur dánarbúi Margeirs J. Magnússonar.

Þriðjudaginn 14. desember 1976.

Nr. 79/1975. **Vilborg Guðmundsdóttir**  
 (Þorsteinn Júlíusson hrl.)  
 gegn  
**Haraldi Jónassyni**  
**Sigríði Haraldsdóttur og**  
**Brunabótafélagi Íslands g/t**  
 (Benedikt Blöndal hrl.)  
 og  
**Guðrún Jósepsdóttir og**  
 (Þorsteinn Júlíusson hrl.)  
**Hagtrygging h/f**  
 (Hjörtur Torfason hrl.)  
 gegn  
**Haraldi Jónssyni.**

Dómenndur:

hæstaréttardómaraarnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr,  
 Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1975, að fengnu afrýjunarleyfi 27. maí 1975. Dómkröfur þeirra eru þessar:

Afrýjandinn Vilborg krefst þess, að hún verði sýknuð af